

Tillaga um göngugötur og vistgötur:

Lagt er til að samþykkja að Austurstræti, vestan Pósthússtrætis, verði göngugata og Pósthússtræti verði vistgata til 1. október 2024. Skrifstofu samgangna og borgarhönnunar er falið að útfæra tillöguna og hefja samráð og samtal við hagaðila á svæðinu sem verði lagt til grundvallar tillögu um framtíðarfyrirkomulag.

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. janúar 2024 þegar forhönnun Austurstrætis var kynnt var samþykkt að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi og hönnun vegna endurhönnunar á Austurstræti sem og að hefja endurskoðun á deiliskipulagi í samræmi við umferðarskipulag Kvosarinnar og fyrirliggjandi hönnun á svæðinu. Umræða um Kvosina og Austurstræti sem heildstætt götusvæði fór einnig fram á fundi borgarstjórnar þann 6. febrúar 2024. Hér er verið að taka fyrstu skref að þessari breytingu um tímabundna göngugötu með nærliggjandi vistgötu. Gert er ráð fyrir að þessi tími verði notaður til að leggja mat á árangur þessara aðgerða og leitað álits hagaðila. Út frá því verður lagt mat á framhaldið og tillaga til framtíðar mótuð.